

Ed.

470. Þingsályktun

um kennaraskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um ókeypis eða ódýra lóð banda kennaraskólanum við Skólavörðutorgið. Skal lóðin vera svo stór, að þar verði hægt í framtíðinni að reisa allar nauðsynlegar byggingar, er skólinn kann að þurfa með. Sömuleiðis að tryggja, að heitt vatn úr Laugunum verði notað til að hita væntanlegar byggingar kennaraskólans, með sömu skilyrðum og landsspítalann.
2. Að láta gera fyrir næsta þing, í samráði við forstöðumann kennaraskólans og kennaralið skólans, frumdrætti að nauðsynlegum byggingum vegna skólans, er sjeu miðaðar við áðurnefndan stað.